

LJÓMANDI BÓK

Ein af allrabestu bókum, sem ég hefi eignast, heitir: *Der Himmel im Bild, ein astronomischer Bilderatlas*; 2. Aufl., Francksche Verlagsh., Stuttgart, 1927. Svissneskur stjörnufræðingur, dr. Stuker, hefir safnað og samið. Myndirnar eru alveg tiltakanlega góðar; virðist mér sem dr. Stuker muni vera einn af bestu kennurum í stjörnufræði. Vildi ég mjög ráða lesendum mínum til þess að eignast þessa bók og skoða vel. Myndirnar af stjörnuskýjunum í Vetrarbrautinni, eða af stjörnusveipunum, sem svara til Vetrarbrautarinnar, eru vel lagaðar til að glæða hugmyndir vorar um mikilleik heimsins. Bókin er ótrúlega ódýr, um 6 kr. að mig minnir. Skýringarnar með myndunum eru á þýsku og ensku: en jafnvel þeir sem ekki skilja þessi mál, geta þó haft mikið gagn af bókinni.